

## Sumar konur

Sjá myndband við þetta þetta lag á Tónlist.is HÉR

Sjá myndband við þetta lag frá Bubbi og Stósveit Reykjavíkur 2008 á Tónlist.is HÉR

Lag og texti: Bubbi Morthens

Sumar konur hlæja eins og hafið  
í höndum þeirra ertu lítið peð.  
Aldrei skaltu svíkja þannig konu  
sál þína hún tekur og hverfur með.

Þannig konu karlinn skaltu varast.  
Kallaðu á drottinn, það hjálpar ekki neitt.  
Það sefur enginn sálarlaus maður  
Sársaukanum fær enginn breytt.

Og í nótt  
munu bræður mínir gráta.  
Og í nótt  
munu bræður mínir gráta  
með hjörtun særð og blá.

Að vakna sem sálarlaus maður  
líta til baka og vita inni í sér  
að konur sem hlæja eins og hafið  
í brjósti sínu geyma sorfin sker.

Sumar konur hlæja eins og hafið  
í höndum þeirra ertu lítið peð.  
Aldrei skaltu svíkja þannig konu

sál þína hún tekur og hverfur með.

Vinsældalistar

#9. sæti DV - Íslenski listinn (8.12.1994) 2. vikur á topp 10, 7. vikur á topp 30

#16 sæti MBL - Lagalistinn (16.11.2008) 2. vikur á topp 20\*

\* Sú útgáfa sem náði inn á listann 2008 er í flutningi Bubba og Stórsveitar Reykjavíkur

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Bubbi - 3 heimar (1994)
- Ýmsir - Heyrðu aftur '84 (1994)
- Ýmsir - Icelandic pop favourites (2000)
- Bubbi - Sögur 1990-2000 (2000)
- Bubbi - Góð verk 07 (2007)
- Bubbi - Bubbi og Stórsveit Reykjavíkur (CCD/DVD, 2008)\*
- Ýmsir - 100 Íslenkar ballöður (2009)
- Bubbi - Sögur af ást landi og þjóð 1980 - 2010 (CD / DVD, 2010)